

Fimmtudaginn 7. júní 1951.

Nr. 3/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h.
Verklýðsfélags Skagastrandar**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Hólanesi h/f (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 24. janúar þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar gegn Hólanesi h/f, Skagaströnd. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kjarasamningur aðilja, dags. 2. júlí 1949, sé rétt skilinn og framkvæmdur svo, að fyrir saltfiskvinnu karlmanna skuli greiða almennan dagvinnutaxta, kr. 3.08 fyrir hverja klst., í grunnkaup samkvæmt 1. gr. samningsins ásamt verðlagsuppbót samkvæmt 13. gr. og viðauka fyrir eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu samkvæmt 1. gr. sbr. 2. gr. samningsins. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Með samningi málsaðilja, dags. 2. júlí 1949, er svo samið í 1. gr., að lágmarkskaup fyrir fullgilda verkamenn skuli vera kr. 3.08 pr. klst. í almenntri vinnu. Í upphafi 4. gr. sama samnings segir, að „við fiskvinnu í frystihúsum aðra en síldarvinnu greiðist“: Karlar kr. 2.95 dagvinna.

Þegar samningur þessi var gerður, mun lítið hafa kveðið að saltfiskverkun á Skagaströnd. Er hennar ekki getið sérstaklega í samningi þessum, og er svo að sjá af skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja, að saltfiskverkun hafi ekki borið á góma sérstaklega við samningana í júlí 1949. En síðari hluta sumars árið 1949 eykst saltfiskverkun á Skagaströnd allverulega. Stefndi greiddi þegar frá upphafi laun fyrir saltfiskvinnuna samkvæmt 4. gr. kjarasamningsins, þ. e. eins og fyrir fiskvinnu í frystihúsum.

Stefnandi telur þessa framkvæmd ekki vera í samræmi við ákvæði kjarasamningsins, heldur eigi saltfiskvinnan að greiðast með almennu dagvinnukaupi samkvæmt 1. gr. samningsins og eru dómkröfur hans reistar á þessu sjónarmiði.

Stefndi byggir sýknukröfu sína bæði á því, að stefnandi hafi með aðgerðaleyssi firrt sig rétti til þess að hafa nú uppi kröfu þá, sem hann gerir í máli þessu, og auk þess á þeirri ástæðu, að greiðslur sínar fyrir saltfiskvinnuna hafi verið í fullu samræmi við orðalag samningsins og tilætlun aðilja, er þeir sömdu.

Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, telur stefnandi, að einstakir verkamenn muni fljótlega eftir að saltfiskvinnan hófst hafa fundið að því við stefnda, að greitt var fyrir þá vinnu sama kaup og það, sem greitt var fyrir fiskvinnu í frystihúsum, þar sem þeir hafi þá strax talið sig eiga að fá laun fyrir vinnu þessa samkvæmt framangreindu ákvæði 1. gr. samningsins um almenna dagvinnu. En af hálfu verklýðsfélagsins virðist ekki hafa verið að þessu fundið við stefnda fyrr en í nóvembermánuði 1949. Stefndi hélt samt áfram að greiða saltfiskvinnu því kaup, sem inna skyldi af hendi fyrir fiskvinnu í frystihúsum, og verður ekki séð, að stefnandi hafi þrátt fyrir þessa framkvæmd stefnda á samningnum hafizt handa um neinar aðgerðir gegn honum fyrr en 30. október 1950, eða um það bil ári síðar, er Verklýðsfélag Skagastrandar snýr sér til Alþýðusambands Íslands með tilmælum um það, að leitað verði úrskurðar Félagsdóms um það, hvaða kaup saltfiskvinnan skuli greidd. Engin gögn eru fyrir hendi um það, að verklýðsfélagið hafi tilkynnt stefnda um þessa málshöfðunarbeiðni sína, en 4 dögum síðar, eða 4. nóv. 1950 gerir það nýjan kjarasamning við stefnda, og eru aðiljar máls þessa sammála um það, að með þeim samningi sé svo um samið, að saltfiskvinna skuli greidd sama kaup og fiskvinna í frystihúsum. Ekkert liggur fyrir um það, að stefnda hafi við þá samningsgerð verið kunnugt um það, að stefnandi hefði í hyggju að leita dómsúrskurðar um það, eftir hvaða ákvæði samningsins frá 2. júlí 1949 skyldi greiða fyrir saltfiskvinnu samkvæmt þeim samningi, en stefna í máli þessu

er, svo sem í upphafi dóms þessa greinir, ekki gefin út fyrr en 24. janúar þ. á. og birt 25. s. m.

Með stefnu dags. 2. febr. 1950 höfðaði Verklýðsfélag Skagastrandar fyrir hönd Alberts nokkurs Haraldssonar mál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu gegn Kaupfélagi Skagastrandar til greiðslu á kr. 17.62 og byggðist þessi krafa á því, að kaupfélaginu væri skylt að greiða saltfiskvinnu í frystihúsum með almennu dagvinnukaupi samkvæmt 1. gr. kjarasamningsins frá 2. júlí 1949, en ekki eftir kaupákvæðum 4. gr. sama samnings um fiskvinnu í frystihúsum, svo sem kaupfélagið hafði gert, en það var ásamt Hólanesi h/f aðili að þeim kjarasamningi. Héraðsdómarinn sýknaði kaupfélagið af kröfu þessari með dómi uppkv. 17. marz s. á.

Liggur ekkert fyrir um það í máli þessu, að reynt hafi verið af verklýðsfélagsins hálfu að fá þeim dómi skotið til æðri dóms.

Þegar virt eru þau atriði, sem að framan eru greind, verður að telja, að stefnandi geti ekki nú, eftir að samningurinn frá 2. júlí 1949 er úr gildi genginn og hann hefur án nokkurs áskilnaðar, svo vitað sé, gert nýjan kjarasamning við stefnda, haft uppi kröfur á hendur honum út af kaupgreiðslum fyrir framangreinda saltfiskvinnu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Hólanes h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alpýðusambands Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.